



Alþingi
Erindi nr. P 135/1888
komudagur 27.3.2008

Nefndasvið Alþingis
Þórunn María Bjarkadóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 26. mars 2008
2008020136/91/SG/gh

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007.


Í frumvarpinu er lagt til að sjúkratryggingar skuli greiða kostnað við almennar tannlækningar barna og ungmenna 20 ára og yngri að fullu, greiða kostnað elli- og örorkulífeyrisþega sem tekjutryggingar njóta einnig að fullu, en að þremur fjórðu fyrir þá sem ekki njóta tekjutryggingar. Frumvarp í svipaðri mynd hefur verið langt fram á allmörgum löggjafarþingum, en ekki hlotið framgang.

Frá sjónarmiði lýðheilsu er hér hreyft mjög þörfu máli. Tannheilsa barna og unglunga hefur vissulega batnað mjög á undanförunum áratugum á Íslandi og má rekja það til ýmissa þátta, þ.á.m. góðrar tannlæknaþjónustu, bættis efnahags, aukinnar notkunar á ýmsum verndandi aðferðum svo sem flúortannkremum, flúormeðferðar, bættrar munnhirðu sem fylgt hefur almennri hugarfarsbreytingu í samfélaginu. Eigi að síður kom fram í rannsókn á munnheilsu barna á Íslandi (Munnís) sem kynnt var á síðastliðnu ári, að tíðni tannskemmda hjá börnum og unglungum hér á landi er hætt að lækka. Auk þess leiddi rannsóknin í ljós að 12 ára börn á Íslandi eru að meðaltali með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en jafnaldrar þeirra í Svíþjóð. Rannsókn Helgu Ágústsdóttur og félaga (Tannlæknablaðið 2002, 48-49) gaf til kynna að fjöldi barna sem ekki njóta tannlæknaþjónustu er heldur að vaxa og almennt koma börn fullseint til tannlæknis hér á landi og er ástandið að þessu leyti verst á höfuðborgarsvæðinu þó þar starfi flestir tannlæknar.

Tannheilsa aldraðra hefur, eins og tannheilsa barna og unglunga, batnað stórum og er gerð góð grein fyrir því greinargerð með frumvarpinu. Eigi að síður má gera ráð fyrir að enn séu um 50% landsmanna 65 ára og eldri tannlausir.

Ljóst er því að enn er hér mikið verk að vinna hvað varðar tannheilsu fólks, ekki er vitað með vissu að hve miklu leyti kostnaður hefur áhrif á aðgengi að tannlæknaþjónustu, en leiða má að því líkum að hann sé á tíðum snar þáttur, enda hefur vitund almennings breyst og mikil hugarfarsbreyting orðið á undanförunum áratugum, eins og áður var nefnt. Þetta frumvarp, ef verður að lögum, mun því hafa áhrif til bóta fyrir tannheilsu þjóðarinnar, en hún vegur þungt í almennri lýðheilsu.

Virðingarfyllst,


Sigurður Guðmundsson
landlæknir